

## Athugasemd til atvinnuveganefndar Alþingis vegna umfjöllunar hennar um Rammaáætlun

Sigríður Asgeirsdóttir [s.a.asgeirsdottir@gmail.com]

Sent: 8. maí 2012 22:35

Viðtakandi: Nefndasvið umsagnir

*Alþingi  
Erindi nr. P 140/2178  
komudagur 8.S. 2012*

---

"Ég, Sigríður Anna Ásgeirsdóttir (kennitala 301061-7499) geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaátælnun og tel því betur borgið í verndarflokki. Þetta svæði hefur mikið gildi til útivistar og er jarðfræðilega áhugavert. Vegna legu sinnar er það mjög aðgengilegt fyrir stóran hluta þjóðarinnar. Svæðið er í næsta nágrenni höfuðborgarinnar og almenningur og ferðamenn geta notið þess með lítilli fyrirhöfn. Þess má geta að um 120 þúsund ferðamenn komu á svæðið síðasta sumar.

Sömuleiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfrar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, sambærilegt við Lakagíga."

með kveðju

Sigríður Anna Ásgeirsdóttir